



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1560
komudagur 26.2.2008

Skógarhlöð 12
105 Reykjavík
Ísland/Iceland

símitel. +354 569 4100
fax +354 562 3619
www.caa.is

Alþingi v/Austurvöll
Fr. Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor
2008020078
Bréfalykill:
021

Dags.
25. febrúar 2008

Efni: Frumvarp til varnarmálalaga

Flugmálastjórn Íslands hefur með bréfi yðar f.h. utanríkismálanefndar Alþingis fengið til umsagnar frumvarp til varnarmálalaga, 331. mál, heildarlög.

Í 16. gr.2 mgr. frumvarpsins er rætt um gjald vegna samingsbundinna afnota af mannvirkjum og búnaði sem Varnarmálastofnun hefur umsjón með f.h. Atlandshafsbandalagsins. Spurning vaknar hvort þetta ákvæði muni hafa áhrif á þá notkun sem Flugstoðir ohf. hafa haft af ratsjármerkjum og -búnaði. Ef breyting stendur til á aðgangi Flugstoða ohf. að framangreindum merkjum og búnaði er nauðsynlegt að upplýst verði með hvaða hætti það sé.

Í 20. gr. 2. mgr. er kemur fram að Varnarmálastofnun annist undirbúning og framkvæmd varnaræfinga. Flugmálastjórn Íslands leggur áherslu á að Varnarmálastofnun hafi samráð og afli heimilda hjá Flugmálastjórn Íslands varðandi ráðstöfun á loftrými undir stjórn íslenska ríkisins sbr. lög um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og lög um Flugmálastjórn Íslands nr. 100/2006 með síðari breytingum.

F.h. Flugmálastjórnar Íslands.

Jóhann Baldursson hdl.